

ingar og til þess þér auglýsið það, og vonast stjórnin eptir, að 1861.
þér sjáið um að borgun innstæðunnar og vextir af láninu, svo 26. febrúar.
sem áskilið er, verði skilvíslega greitt og borgað í jarðabókar-
sjóð Íslands.

11. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stjórnenda 26. febrúar.
hins íslenska biblíufélags, um styrk til að gefa
út nýja testamentið.

Eptir bænarskrá, dagsettri 11. júlím. f. á., er hingað barst
frá stjórnendum hins íslenska biblíufélags, eru í fjárhagslögnum
fyrir árið 186 $\frac{1}{2}$, sem útkomu 19. þ. m., félagi þessu veittir 200
ríkisdalir, sem sérstaklegur styrkur fyrir eitt ár, til að koma út
eptir fyrirætlun félagsins nýju upplagi af nýja testamentinu á
íslensku.

Þetta sé yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar.

12. Bréf hinnar íslensku stjórnardeildar til stiptamt- 27. febrúar.
mannsins á Íslandi, um fjárhagslögin fyrir árið
1861—62.

Með bréfi þessu er yður, herra stiptamtmaður, sent eitt
exemplar af fjárhagslögnum fyrir árið 186 $\frac{1}{2}$, er út komu 19.
þ. m., ásamt athugasemdum við frumvarp til laga þessara og
eptirriti af fylgiskjali, er til þess heyrir, að svo miklu leyti það
snertir Ísland.

Um þetta efni skal nú yfirhöfuð að tala skýrskotað til
þess, sem þegar eins stóð á var tekið fram í bréfi stjórnar-
innar 15. aprílm. 1851, þannig:

að öll laun og hlunnindi embættismanna og embættisþjóna, sem
tilgreind eru í fjárhagslögum hvers árs, skal borga hlutaðeig-
endum afdráttarlaust, eptir þeirri upphæð, sem til er tekin
fyrir hvern þeirra, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í opnu
bréfi 31. maím. 1855, 1. gr., án þess nokkra sérstaklega